



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. október 2013

### **Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun viðskiptastefnu Íslands**

Viðskiptastefnu er ætlað það markmið að jafna samkeppnisstöðu innlendrar verslunar gagnvart erlendri og lækka vöruverð til hagsbóta fyrir neytendur. Liður í þeim markmiðum er að endurskoða fyrirkomulag skattamála, þ.m.t. tolla og vörugjalda.

Samtök atvinnulífsins telja að mótun viðskiptastefnu geti verið gagnleg hafi hún það að markmiði að draga úr hindrunum á frjálsum viðskiptum milli landa til að auka hagræðingu og efla samkeppni. Í því sambandi verður að horfa til langs tíma og gæta þess að innlend starfsemi sem búið hefur við viðskiptavernd að einhverju tagi fái eðlilega aðlögun gagnvart aukinni samkeppni. Við mótun slíkrar stefnu þarf að kalla helstu hagsmunaaðila til samstarfs.

Tollum á viðskipti milli landa er almennt beint til verndar innlendri framleiðslu sem á í vök að verjast gagnvart sambærilegum innfluttum vörum. Vörugjöld eru af sama toga og eru skattskyldar vörur flokkaðar samkvæmt tollskrárnúmerum en í mörgum tilvikum jafnframt tæki stjórnvalda til að stýra neyslu á tilteknum vörum. Að auki hefur álagning vörugjalda tekið meira mið af tekjuþörf ríkissjóðs en álagning tolla. Vörugjaldskerfið er flókið, ógagnsætt, óskilvirkt og það mismunar og því brýn þörf á að það verði tekið til endurskoðunar.

Tollar eru liður í opinberri stefnu stjórnvalda gagnvart innlendum landbúnaði. Þeir eru lagðir á til að jafna samkeppnisstöðu íslenskrar búvöruframleiðslu. Að undanfögnu hefur komið fram að unnt sé að lækka matarreikning heimila um verulegar fjárhæðir verði tollar og vörugjöld lækkuð eða afnumin með öllu enda er svokallaður markaðsstuðningur við landbúnað talinn í milljörðum ár hvert. Þessi stuðningur er ekki greiddur úr ríkissjóði heldur beint af neytendum að verulegu leyti og kemur fram í hærra vöruverði.

Það hefur sýnt sig að alþjóðlegir samningar um aukið tollfrelsi á landbúnaðarafurðum hafa leitt til grósku í íslenskum landbúnaði samhliða lækkun á verði og aukinni neyslu á innlendum afurðum. Nú standa yfir viðræður fulltrúa íslenskra stjórnvalda við fulltrúa ESB um aukinn gagnkvæman út/innflutning á landbúnaðarafurðum. Mikilvægt er að þær viðræður skili tilætluðum árangri til að ná fram lægra vöruverði og aukinni framleiðni í framleiðslu á og úr landbúnaðarvörum.

Tollvernd á flestum landbúnaðarvörum er verulega há. Tollvernd á alifuglakjöti er tæplega 50% og á svínakjöti og unnum kjötvörum er verndin rúmlega 30%. Í þessu ljósi telja samtökin eðlilegt að í yfirstandandi viðræðum við Evrópusambandið verði rætt um aukinn tollfrjálsan aðgang fyrir alifuglakjöt, svínakjöt og unnar kjötvörur hingað til lands í staðinn fyrir aukinn tollfrjálsan aðgang íslenskra landbúnaðarvara, svo sem skyr, inn á Evrópumarkað.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Um leið þarf að gæta að hagsmunum innlendra framleiðenda og hvernig unnt er að auka samkeppnishæfni þeirrar framleiðslu. Samtökin telja að unnt sé að mæta lægri tollum á innflutningi framangreindra landbúnaðarvara að hluta með framleiðslustyrkjum sem hvetji til aukinnar hagræðingar í viðkomandi greinum.

Jafnframt verður að taka til skoðunar uppboð á tollkvótum landbúnaðarvara þar sem framleiðendur geta með núverandi fyrirkomulagi keypt upp alla kvótana í þeim eina tilgangi að koma í veg fyrir samkeppni. Þannig missa tollkvótarnir algerlega marks og valfrelsi neytenda verður minna en ætlað var og vöruverð hærra.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

